

Umhverfisstofnun  
Hildur Vésteinsdóttir  
Suðurlandsbraut 24  
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 22. mars 2017  
2017020013/42-0  
TB  
jgo/tb

### Verndargildi Geysissvæðisins

Vísað er til bréfs frá Umhverfisstofnun, dags. 22. febrúar sl., þar sem óskað er eftir mati á verndargildi fyrir jörðina Laugar (Laug) Biskupstungum ásamt hverasvæðinu sem er kennt við Geysi. Meðfylgjandi bréfi Umhverfisstofnunar var uppdráttur sem sýnir jörðina Laugar og aflaði Náttúrufræðistofnun sér frumgagna svo hægt væri að vinna með mörk jarðarinnar í ArcGis.

Eins og kemur fram í bréfi Umhverfisstofnunar hefur Geysissvæðið löngum verið á náttúruminjasrá og þar með talið hafa hátt náttúruverndargildi. Vegna vinnu við náttúruverndaráætlun 2004-2008 birti Umhverfisstofnun árið 2003 ritið Náttúruverndaráætlun 2004-2008-Aðferðafræði, Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar. Á bls. 244 er tillaga að friðlýsingu Geysissvæðisins ásamt jaðarsvæði. Þar er svæðislýsing þar sem m.a. segir: „Geysissvæðið er eitt þekktasta hverasvæði jarðar, enda eitt fárra sem þekkt var í árhundruð. Geysir gefur erlendum hverum nafn, „geyser“ og hverahrúður er a erlendum málum oft kallað „geyserite“. Fjölmargir hverir og laugar eru á svæðinu og eru goshverirnir Geysir og Strokkur þekktastir. Marteinslaug er friðlýst sem fornminjar en þar var reist torfsundlaug og var þar sundkennsla fyrir börn í sveitinni fram á síðustu öld.....“ Í náttúruverndaráætlun 2004-2008, sem samþykkt var á Alþingi 28. maí 2004, var lagt til að Geysir í Haukadal og svæðið umhverfis hann yrði verndað sem náttúruvætti á grundvelli jarðhitans og hveravirkni og segja má að þar með staðfesti Alþingi verndargildi svæðisins.

Í skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands NÍ-09014, Mat á verndargildi 18 háhitasvæða, er Geysir metin í „hámarks vernd“ sjá bls. 39-41 en þar segir á bls. 40 um ástæður þess: „Hér nægir að nefna að um er að ræða einn þekktasta goshver heims. Fyrr á öldum var Geysissvæðið eina goshverasvæðið sem Evrópumenn þekktu og þegar fleiri svæði komu í ljós í Bandaríkjunum og víðar voru goshverir nefndir eftir Geysi. Allmargar válistategundir, jarðhitategundir og hitakærar tegundir er að finna við Geysi.“ Í skýrslu Náttúrufræðistofnunar NÍ-09012 segir á bls. 29 kafla 5.6. „Við Geysi er mikið af kísilhverasvæði með samfelldu hverahrúðri á stóru svæði. Algengastir eru kísilhverir og sumir þeirra eru eða hafa verið goshverir. Svæðið er aflangt frá suðvestri til norðausturs. Gufuhverir, leirhverir og leirugir vatnshverir finnast einnig. Upp af svæðinu rís Laugarfjall, ávalur líparíthryggur. Suður af hverasvæðinu er allmikið mýrlendi og teygir jarðhitinn sig þangað. Jarðhitasvæðið virðist



tengjast skástígum sprungum sem líklega eru hluti suðurlandsskjálftabeltisins."

Í skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands NÍ-09015 segir m.a. á bls. 31: „Á svæðinu eru skráðar 172 háplöntutegundir, 61 mosategund og 9 fléttutegundir. Jarðhitategundirnar grámyglu, vatnsnafla, flóajurt, laugadeplu og naðurtungu er að finna á svæðinu við Geysi, þrjár síðastnefndu á váliða. Einnig finnast fuglaertur og loðgresi sem eru báðar með hátt verndargildi. Fjórir jarðhitamosar eru skráðir ásamt laugahnappi og ylhnokka sem eru á váliða. Engin sjaldgæf fléttutegund er skráð."

Náttúrufræðistofnun tók saman yfirlit yfir þær vistgerðir sem er að finna á umræddu svæði, sjá meðfylgjandi mynd. Innan svæðisins eru nokkrar vistgerðir sem hafa mjög hátt verndargildi þ.e. sem stakar vistgerðir þ.e. víðkjarrvist, runnamýravist á láglandi, starungsmýravist, starungsflóavist, tjarnastararflóavist, gulstararflóavist, mýrahveravist og móahveravist. Samanlagt eru þessar vistgerðir 26,5 ha að flatarmáli en þar af eru starungsmýravist 15,4 ha og víðkjarrvist 7,2 ha. Heildarflatarmál vistgerða á svæðinu var áætlað 117,2 ha. Lögð er áhersla á að hér er ekki lagt mat á gildi vistgerðanna á svæðis- eða landsvísu í samanburði við önnur svæði eða fyrir tiltekið lífríki innan svæðisins heldur eingöngu um að ræða frummat á einstökum vistgerðum. Frekari upplýsingar um vistgerðirnar og verndargildi þeirra má finna í Fjölríti Náttúrufræðistofnunar nr. 54, Vistgerðir á Íslandi.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Trausti Baldursson

Meðf: Yfirlistkort yfir vistgerðir í landi Lauga / Geysissvæðinu



